

# LISTAMENN / ARTISTS

**Arna Valsdóttir** vinnur með samruna hljóðs og myndar og verk hennar eru oft sambland af tónlist, gjörningi og myndvörpun í rými. / Arna Valsdóttir is known for merging sound and image in her works, creating a conglomeration of music, performance art and image projection.

**Daníel Magnússon.** Myndlistarverk Daníels eru hugmyndafræðileg og oft leikur með tungumálið og hughrif orða. / Daníel Magnússon's conceptual works often play with words and language to create a certain visual or mental image.

**Kristín Gunnlaugsdóttir** vakti fyrst athygli með draumkenndum, figúratívum málverkum af maddonnum, meyjum og mæðrum. Fyrir nokkrum árum söðlaði hún um og kom aðdáendum sínum í opna skjöldu með nýrri efnisnotkun; grófur strigi og útsaumur sýndu glottandi konur og glenntar píkurl sem tjáðu frumstæða gleði yfir kvenlegu kynferði og kvenlíkamanum. Á ný fetar Kristín nýja leið í efnisnotkun en myndefnið er konan og kvenlíkaminn sem forðum. / Kristín Gunnlaugsdóttir became known from her paintings of dreamy women, madonnas and mothers. Some years ago she changed her style drastically: instead of oil painting she chose robust hessian canvas and coarse embroidery. Her subjects were open vaginas and grinning women, expressing primitive joy over the female body and sexuality. Once again Kristín is trying out a new material, still inspired by women and the female body.

**Niels Hafstein** hefur í rúm fjörutíu ár auðgað íslenskt myndlistarlíf, bæði sem frumlegur listamaður og frumkvöðull í stofnun og rekstri safna, Nýlistasafnsins og Safnasafnsins. Hann leitast við að fara óvenjulegar leiðir og hefur á síðari árum sett saman verk sem eru byggð á nýstárlegum efnum og tækni og vekur með þeim óvænt hughrif. /

Niels Hafstein has enriched Icelandic art life as a prominent artist and also as founder of the Living Art Museum and Safnasafnið – the Icelandic Folk and Outsider Art Museum. He often uses unusual materials and techniques, creating unexpected impressions.

**Ólöf Nordal** hefur tíðum unnið með þjóðlegan arf og íslenska náttúru. Hún hefur gert mörg útilistaverk sem setja svip á borgina og er hið nýjasta þeirra, *Þúfa* frá árinu 2014, strax orðið þekkt kennileiti. / Ólöf Nordal often works with the national heritage and Icelandic nature.

One of her recent outdoor works is pleasantly prominent in the Reykjavík cityscape: *Þúfa* (Tussock) made in 2014.

**Ragnhildur Stefánsdóttir** vinnur út frá mannlík-amanum, sneiðir hann niður, staðar honum upp, eða kryfur hann með öruggum höndum og augum myndhöggvarans. / Ragnhildur Stefánsdóttir's works are inspired by the human body, both as a whole or certain details of it. She slices it, stacks it up, or dissects it with a sculptor's strong hand and observant eye.

**Sigurður Guðmundsson.** Verkin á sýningunni eru úr myndröð frá árunum 1970–1981 sem kallast *Aðstæður*. Þar notar Sigurður sjálfan sig sem viðfangsefni í hugmyndafræðilegum verkum sínum. Þau hafa ljóðrænt yfirbragð en líka kímni og iðulega spilar tungumálið stóran þátt. / Sigurður Guðmundsson is a renowned Icelandic artist, as well as being an original writer. His two works in the exhibition are from *Situations*, a series of photographic works from the years 1970–1982. In these pictures he puts himself in different situations and surroundings. The overtone is lyrical and humorous, often involving playful use of language.

# MOUNTAIN+WOMAN

The exhibition MOUNTAIN+WOMAN commemorates the centenary of Icelandic women gaining the right to vote, under a royal decree of 19 June 1915.

Ásmundur Sveinsson's iconic sculpture *The Water Carrier* (1937) is the focus and the leitmotiv of the exhibition in a colloquy with works by Arna Valsdóttir, Daníel Magnússon, Kristín Gunnlaugsdóttir, Níels Hafstein, Ólöf Nordal, Ragnhildur Stefánsdóttir and Sigurður Guðmundsson. The focus is also on the real water carriers in Reykjavík in the 19<sup>th</sup> century. Finally we call to mind the heated debate that arose over this distinguished work of art in the years 1948–1955.

1975 was declared UN International Women's Year and Icelandic women marked the occasion with the famous Women's Day Off in Iceland on 24 October. A mass meeting was scheduled in the centre of Reykjavík, which was attended by 25,000 Icelandic women. Ásmundur Sveinsson's sculpture *The Water Carrier* was the emblem of posters for the day; the strong woman with her pails of water was chosen to symbolise women's history and struggle. So it is no wonder that we turn to it again.

In the days before Reykjavík's municipal water utility was established in 1909, water-carriers were among the humblest members of the town's social hierarchy. Both men and women were water-carriers – though rather more women. And while the water-carriers' job was one of the least respected and worst paid in Reykjavík, it is believed to have been the only work in which men and women had equal pay: they were paid by the bucket.

Ásmundur sculpted his *Water Carrier* to honour the memory of the water-carriers and to portray their strength and fortitude; he remembered from his youth on the farm of Kolsstaðir in West Iceland how the workmaids would brave the blizzard and return, clothes frozen stiff, with pails of fresh water.

*"I would never make a sculpture of workers in which you could see pity. They deserve better."*

Working makes people beautiful, Ásmundur said, and during his career he made a number of sculptures of people at work; women churning butter, grinding coffee, washing laundry or scrubbing floors, and men digging, hammering iron or checking the weather. As a young man he made his journeyman piece: a wooden chair, skilfully carved with motifs of people doing traditional farm-work, among them a woman carrying pails of water. The water carrier is thus present in Ásmundur's earliest work.

When making his *Water Carrier* Ásmundur also had in mind the massy mountain formations of Iceland, and he maintained that there was a mountain embedded in the sculpture, a kind of guardian. In his mind women were also guardians, of culture in particular. Down the ages women had preserved folklore and songs and been formidable storytellers. It was to them that the collectors of folktales turned when looking for material.

*"The sagas and the folktales have formed us, no less than the country itself and the weather – the struggle against the elements. We have always striven to be men, under conditions that were almost beyond our power."*

*The Water Carrier* is based on the triangular form and the female figure. The woman leans forward and raises her right shoulder in the effort of lifting up the heavy burden. Her whole body is concentrated in this action of force, at the same time expressing stability and power locked in form, bringing to mind the mental image of a mountain standing rooted in the landscape.

Ásmundur felt that sculptures should be outdoors, in parks, on squares or in open surroundings where all could see them and enjoy them in their daily life. In 1948 an association was founded to beautify the city of Reykjavík, and its first project was to buy Ásmundur's sculpture *The Water Carrier*. The plan was to erect it in the centre of the city and make a power garden around it. Some Reykjavík people objected strongly to these plans, and even though superficially this debate was about the aesthetics of the sculpture and modern art, it was not free of political overtones and party feuds – too long a matter to delve into here. Strong words were used in the debate and also about the sculpture, *The Water Carrier* was declared to be "monstrous," and a "freak with the head of a seal," and there were even threats to destroy the work.

In the end the Beautification Association dared not erect the *Water Carrier* in the city centre, but unveiled it quietly in 1954 in Ásmundur's own sculpture garden at his studio. Today this debate feels utterly absurd and comic, but is well worth remembering, because it underlines how dangerous it is for politicians to seek to control artistic trends and aesthetic values.

*"Arguments over artistic theories irk me. It's not the theory but the content of the work that gives value."*

Ásmundur must have been hurt by this long-standing and often spiteful debate, but took it with his usual stoicism. And he did not object to art being discussed; on the contrary he felt that artworks should move people, take them out of their comfort zone: "We need art that slaps our backsides, pokes our ribs. When people go to an exhibition and say: "O, that's so beautiful!" then nothing happens. But if people say: "What the hell is this?" then something is happening. Questions arise, suspicions awaken, and people grow towards life."

The opposition that met Ásmundur's work 60 years ago resembles in certain ways the opposition to women's right to vote 100 years ago. Just as in the case of the *Water Carrier*, the arguments against women's voting rights were rarely about the core of the matter – human rights and the value of each individual – but tended to focus on exterior appearance and women's alleged general lack of intelligence. It is good to remember that what we take for granted today has not always been so, and that all struggles for freedom derive from the same source, be it an artist's freedom to create in an independent and original way or women's right to have a voice in the society in which they live. *Harpa Björnsdóttir, curator.*

(\* All the quotations are Ásmundur Sveinsson's, from various books and interviews.)



**ÁSMUNDUR SVEINSSON**

VATNSBERINN – FJALL+KONA

THE WATER CARRIER – MOUNTAIN+WOMAN



Listasafn Reykjavíkur **iiii**  
Reykjavík Art Museum

ÁSMUNDARSAFN

# FJALL+KONA

Sýningin FJALL+KONA er ein margra sýninga Listasafns Reykjavíkur á árinu 2015 til að minnast þess að 100 ár eru liðin frá því konur fengu kosningarétt til Alþingis, með lögum staðfestum af Danakonungi 19. júní 1915. Íslenskar konur höfðu barist fyrir þessum rétti í marga áratugi (með stuðningi sanngjarnra og réttssynna karla) og loks hafði baráttan skilað árangri, en jafnréttisbaráttu íslenskra kvenna var þó langt í frá lokið.

Þegar íslenskar konur ákváðu að halda Kvennafrídag þann 24. október árið 1975, gáfu þær út veggspjald í tilefni dagsins og völdu sem tákni sitt höggmynd Ásmundar Sveinsonar, *Vatnsberann* (1937). Töldu forsvarskonur Kvennafrídagins verkið sérstaklega táknrænt fyrir sögu og baráttu kvenna. Vakti Kvennafrídagurinn heimsathygli, en í ár halda íslenskar konur ekki frídag heldur fagna með margvíslegum hætti þeim stóra áfanga þegar konur fengu í allra fyrsta sinn frá landnámi rétt til að hafa áhrif á Alþingi Íslands.

Enn á ný er *Vatnsberinn* í aðalhlutverki, nú sem þungamiðja og leiðarstef sýningarinnar hér í Ásmundarsafni, í samtali við verk listamannanna Örnvaldsdóttur, Daniels Magnússonar, Kristínar Gunnlaugsdóttur, Nielsar Hafstein, Ólafar Nordal, Ragnhildar Stefánsdóttur og Sigurðar Guðmundssonar. Verður sjónum einnig beint að vatnsberunum sem báru vatn í húsin í Reykjavík og eins þeim ótrúlega mótbýr sem þetta merka listaverk Ásmundar mætti á árunum 1948–1955.

Vatnsberarnir í Reykjavík voru ein lægsta stétt fólks í mannvirðingum á sínum tíma. Um vatnsburðinn sáu bæði konur og karlar, þó heldur

þeirri konur. Þrátt fyrir að starf vatnsberanna væri eitt hið minnst metna og lægst launaðasta í Reykjavík mun það hafa verið eina starfð þar sem jafnrétti ríkti í launamálum, það var greidd ákveðin upphæð fyrir hverja fötu. Stétt vatnsbera var áberandi í götummynd Reykjavíkur á 19. öld og meðal vatnsbera margir sérstæðir persónuleikar, en við lagningu vatnsveitunnar 1909 hvarf hún smám saman af sjónarsviðinu.

Ásmundur gerði höggmyndina *Vatnsberann* til að heiðra minningu vatnsberanna, fyrst og fremst þeirra sem hann minntist frá æsku sinni á Kolsstöðum í Dölum. Sagði hann *Vatnsberann* eiga rætur í minningu um hoknar vinnukonur sem ruku út í bylinn og komu aftur með kærkomið vatn í skjólunum, sjálfar gaddaðar. Einnig minningum um vinnulífið fólk sem fylgdu honum alla tíð og veittu honum innblástur. Vildi hann með einfölduðum formum höggmyndarinnar sýna áttak hins vinnandi manns og hinnar vinnandi konu, túlka styrk þeirra og seiglu.

**„Ég myndi aldrei gera mynd af verkafólki, þar sem hægt væri að sjá meðaumkun. Þetta fólk á annað skilið.“ \***

Ásmundi fannst hreyfingin og vinnan gera fólk fallett og sagði verðmætin koma úr hversdagsleikanum. Þau eru ófá verkin sem hann hefur gert af vinnandi fólki og hversdagslegum athöfnum, eins og konu að strokka smjör, mala kafþ, skúra gólf og þvo þvott og karli sem moka, hamrar járn eða gáir til veðurs. Sveinsstykki hans sem ungs manns, fádæma vel útskorinn stóll, sýnir fólk við hefðbundin sveitastörf og þar má einnig sjá konu sem ber vatn í skjólum, svo vatnsberinn hefur verið honum hugleikinn frá fyrstu tíð.

Ásmundur hafði við gerð Vatnberans trölslega fjallamyndun Íslands í huga og sagði að í *Vatnsberanum* byggji fjall, eins konar verndari. Hann hafði líka orð á því að konur væru í huga sér eins og verndarar, ekki síst verndarar menningar. Í gegnum aldir hefðu þær varðveitt þjóðsögur, kvæði, sagnir og söngva og sagt forkunnarvel frá, enda hefðu þjóðsagnasafnarar leitað óspart í smiðju til þeirra.

*„Sögurnar hafa mótað okkur, en ekki síður landið og tíðarfarir – baráttan við náttúruöpin. Við höfum ævinlega verið að leitast við að vera menn við aðstæður sem voru næstum ofvaxnar mannlegum kröftum.“ \**

Höggmyndin *Vatnsberinn* er að grunnformi þríhyrningur, kvenpersóna sem skýtur upp hægri öxl í átakinu við að lyfta upp hinum þungu vatnsskjólum. Í hreinu formi þríhyrningsins og mykt kvenformsins magnast upp styrkur verkakonunnar, líkaminn lagar sig að átakinu, sem er útgangspunktur og inntak verksins. Öll formgerðin er traust, túlkar læstan kraft og stöðugleika og vekur hughrif um fjallið sem stendur föstum rótum í landslaginu.

Ásmundur vildi helst hafa höggmyndir úti, í görðum, á torgum, úti á víðavangi, þar gætu allir séð þær og þannig myndi listin grípa inn í daglega lífð. Þann 17. júní 1948 er stofnað Fegrunarfélag Reykjavíkur í því markmiði að fegra borgina með ýmsum hætti, m.a. höggmyndum á almannafæri. Var þetta sjálfstætt starfandi félag og formaður þáverandi borgarstjóri, Gunnar Thoroddsen, en Ragnar Jónsson í Smára hafði mikil áhrif innan þess. Hóf Fegrunarfélagið starfsemi sína með því að kaupa *Vatnsbera* Ásmundar og átti að setja

hann upp á mótum Bankastrætis og Lækjar götu þar sem einn af vatnspóstunum hafði staðið og útbúa skruðgarð meðfram. Risu af kaupunum og þessari ákvörðun miklir úfar með mönnum og þó deilurnar snerust að nafninu til um fagurfræði höggmyndarinnar og listastefnur samtímans voru þokkspólitískar væringar líka í spilinu sem of langt mál er að rekja.

Fremstur í þokki andstæðinga þess að *Vatnsberinn* yrði settur upp í miðbænum var Jónas Jónsson frá Hrípu. Aðrir beittu sér líka og rituðu greinar í blöð til að mótmæla uppsetningu hans. Höfðu þessi skrif örugglega mótandi áhrif á almenningu. Að sjálfsgöðu reis málsmetandi fólk upp til varnar, þeirra á meðal Björn Th. Björnsson listfræðingur, en andstæðingarnir afgreiddu hann með því að kalla hann bolsévikka sem ekkert vissi þrátt fyrir langt nám. Vel metnir rithöfundar og listamenn tóku einnig upp hansann fyrir Ásmund og *Vatnsberann* og rituðu greinar í blöð gegn því sem þeir töldu stöðnuð fegurðarviðmið og forpokun gagnvart nýjum straumum í listum. Á móti voru þeir kallaðir klessulistamenn, klessuskáld og dúllarar.

Menn spöruðu ekki stóru orðin, heldur ekki í lýsingum sínum á *Vatnsberanum*, töldu um „vatnskerlinguna“ og þótti hún vera líkari skrímsli með selshaus en manneskju, of herðasigin, læradigur og langt í frá nógu lagleg. Er þtt er að sjá af þessum deilum hvað menn hefðu viljað sjá í staðinn í minningu vatnsbera, kannski kinnarjóða, brosandir og hnarreista verkakonu í anda sovéska raunsæisins, þó allt sem kæmi úr þeirri blóðrauðu austurátt væri annars fordæmt sem argasti bolsévismi. Lýsti það best þeim rökbrotum

sem menn komust í, í fagurfræðilegum og listfræðilegum álitamálum, að eiga ekki annað í pokahorninu en ásakanir um kommúnisma og andlegt klessuhugarfar.

*„Fyrstu neistar manndóms og mannúðar í heiminum hafa hrokkið frá steðja skáldskapar og lista... það eru skáldin og vesalingarnir sem eru að reyna að vekja stjórnmálamennina.“ \**

Deilurnar mögnuðust og undir lokin var andstæðingum *Vatnsberans* orðið svo heitt í hamsi að þeir hótuðu að ganga á höggmyndina með sleggjum og mölva hana ef hún yrði sett upp í miðbænum. Eftir þó nokkra leynd um endanlega staðsetningu var *Vatnsberinn* að lokum afhjúpaður í garði Ásmundar sjálfs við Sigtún þann 17. ágúst 1954, var það kyrrlát athöfn og fáir viðstaddir og ekki sungin ættjarðarlög.

Daginn eftir, á afmælisdegi Reykjavíkurborgar, var afhjúpuð önnur höggmynd í miðbæ Reykjavíkur, *Skúli fógeti* eftir Guðmund Einarsson frá Miðdal, gjöf frá verslunarmönnum til að minnast aldarafmælis verslunarfrelsis. Fór sú athöfn fram með ræðuhöldum og lúðraþyt og ekki heyrðist orð um að Skúli Magnússon væri klunnalegur eða of digur.

*„Mér leiðast allar deilur um listastefnur. Það er ekki stefnan, heldur innihald verksins sem gefur því gildi.“ \**

Ásmundur tók þessu sjálfur af stökustu ró, en þó má reikna með því að honum hað sárnað skilningsleysið og offorsið, enda hefur ekkert íslenskt listaverk mætt svo langvinnum og hatrömmum mótbyr. Kvaðst hann þó hreint ekki hafa neitt á móti því að umræður sköpuðust um listir og „ekkert væri verra en lognið“ í þeim efnun.

Í dag virka þessar deilur absúrd, óskiljanlegar og hlægilegar og maður getur ekki annað en undrast að listaverk hað gert mönnum svona heitt í hamsi. Það er vel þess virði að rifja þetta upp, lærdómurinn er að stjórnmálamönnum getur orðið hált á því að reyna að stjórna listastefnum og fagurfræðilegu mati. Um leið er það vitnisburður um að listin hefur áhrif og hreyfir við fólki, eða eins og Ásmundur sagði: „Við þurfum á list að halda sem ber í bakið á okkur. Ýtir við okkur. Þegar karlar og konur koma á sýningar og segja: „Ó, hvað þetta er fallett!“ þá gerist ekkert. En ef fólk segir: „Hver andskotinn er nú þetta?“ þá gerist eitthvað. Spurningar vaxa, grunur læðist að og fólk vex til lífsins.“

Það eru talsverð líkindi með þeirri andstöðu sem mætti *Vatnsberanum* og þeim mótbyr sem baráttu kvenna fyrir kosningarétti mætti á sínum tíma. Snerust mótrökin gegn því að konur fengju að kjósa sjaldnast um inntakið, gildi manneskjunnar og mannréttindi, eins og í tilviki *Vatnsberans* um inntak verksins, heldur oftast um ytra útlit og var beitt hæðnislegum athugasemdum um það og almennt gáfnafar kvenna. Þetta er líka hollt að rifja upp 100 árum síðar, við skulum minnast þess að það sem okkur þnnt sjálf sagt í dag krafðist mikillar baráttu, og öll frelsisbaráttu er angi af sama meiði, hvort sem það er frelsi og réttur listamanns til sjálfstæðrar og frumlegrar list-sköpunar eða frelsi og réttur kvenna til að hafa áhrif á samfélag sitt.

*Harpa Björnsdóttir, sýningarstjóri.*

*(\* Allar stjórnumerktar tilvitnanir í greininni eru orð Ásmundar Sveinssonar sjálfs, tekin úr ýmsum bókum og blaðaviðtölum.)*

Asmundur Sveinsson stendur við Vötnsberanni í garði sínum við Sgötun 1958. Ljósmyndasafn Reykjavíkur. Andrés Kolleinnsson. / Asmundur Sveinsson by the Water Carrier in his own sculpture garden in 1958.

